

Samráðshópur vegna hvítbókar: LÆSI

Í nóvember 2014 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneyti fulltrúa sjö hagsmunaaðila til að starfa með verkefnisstjórn ráðuneytisins. Samkvæmt skipunarbréfinu er hópnum ætlað að veita ráðgjöf og rýna tillögur um aðgerðir sem verkefnahópar um eflingu læsis, um endurskipulagningu námstíma á framhaldsskólastigi og um umbætur í starfsmenntun.

Hópin skipa

Aðalheiður Steingrímisdóttir tilnefnd af Kennarasambandi Íslands.
 Finnbjörn A. Hermannsson tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,
 Katrín Dóra Þorsteinsdóttir tilnefnd af Samtökum iðnaðarins,
 Steinn Jóhannsson tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands,
 Svandís Ingimundardóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn hennar voru Klara E. Finnbogadóttir og Guðjón Bragason.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins
 Jón Torfi Jónasson tilnefndur af Háskóla Íslands, Menntavísindasviði.

Varamaður hans var Anna Kristín Sigurðardóttir

Vinnulag var eftirfarandi:

- 28. nóv. 2014 Kynningar- og umræðufundur
- 5. des. 2014 Stöðufundur um starfsnám
- 10. des. 2014 Stöðufundur um læsi
- 12. des. 2014 Stöðufundur um námstíma

Drögum að þremur aðgerðaráætlunum var dreift til hópsins 3. og 4. febrúar 2015. Hver hagsmunaaðili nema HÍ sendi inn umsögn um aðgerðaráætlanirnar 16.-18. febrúar

- 23. feb. 2015 Umræðufundur um Læsi og starfsmenntun
- 25. feb. 2015 Umræðufundur um námstíma

Uppfærðum drögum var dreift til hópsins á tímabilinu 2. -13. mars og hagsmunaaðilum gefinn kostur á nýrri umsögn. Einungis KÍ sendi formlega inn nýja umsögn um læsi þann 9. mars. Þann 25. mars höfðu einnig borist nýjar umsagnir frá KÍ um starfsmenntun og námstíma

- 26. mars 2015 Lokafundur um læsi

Helstu athugasemdir um aðgerðaráætlun um læsi

Allir hagsmunaaðilar töldu aðgerðaáætlunina vera metnaðarfulla og gefa tækifæri til breytinga. Meta þarf kostnaðaráhrif, ákveða hver ber kostnaðinn af einstökum verkþáttum og tryggja fjármagn. Einnig þarf að skýra ábyrgð á verkefnum. Kallað var eftir nánari útskýringum um hugtakanotkun og aðgerðir og varað við að leggja of ríka áherslu á stöðluð viðmið og matstæki. Bent var á að beina þyrfti sjónum í ríkari mæli að grunnmenntun, starfsþjálfun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Einnig væri mikilvægt að ræða aðkomu framhaldsskólans og framhaldsfræðslu að eflingu læsis. Spurt var um hvort rétt væri að takmarka vinnu ráðgjafa við 5 ára tímabil og hvort ráðleggra væri að meta vinnuna eftir 2-3 ár og taka þá ákvörðun um framhaldið. Jafnframt að leggja áherslu á að verkefnið væri ekki átaksverkefni heldur unnið til framtíðar. Bent var á ýmsa þætti sem skiptu máli en aðgerðaráætlunin tæki ekki til og gerðar voru athugasemdir um efnisskipan. Nánari upplýsingar er að finna í umsögnunum sjálfum.

Endurskoðun og næstu skref

Vinnuhópur hvítbókar um læsi fór yfir allar umsagnirnar og tók tillit athugasemda eins og kostur var. Inn í aðgerðaráætlunina er enn ekki búið að skilgreina ábyrgðaraðila, meta kostnað og ákveða hver ber kostnað af einstökum verkþáttum.

Næsta skref er að aðgerðaráætlunin fer til ráðherra sem í framhaldinu mun ræða við forsvarsmenn hagsmunaaðila varðandi ábyrgð og kostnað. Jafnframt verður haldinn fundur með ráðgjafarhóp um umbætur í menntun, en hann skipa:

Ari Kristinn Jónsson tilnefndur af Háskólanum í Reykjavík
Elín Björg Jónsdóttir tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
Guðlaug Kristjánsdóttir, tilnefnd af Bandalagi háskólamanna
Guðrún Hafsteinsdóttir tilnefnd af Samtökum iðnaðarins
Gylfi Arnbjörnsson tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands
Kristín Ingólfssdóttir tilnefnd af Háskóla Íslands
Halldór Halldórsson tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Þorsteinn Víglundsson tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins
Þórður Hjaltsted tilnefndur af Kennarasambandi Íslands,
auk ráðherra og ráðuneytisstjóra

Ráðgjafarhópurinn er vettvangur umræðu um stefnu og mun fá til meðferðar niðurstöður verkefnisstjórnar og verkefni um aðgerðir sem miða að því að ná markmiðum Hvítbókar.